

# Samþykkt um styrki til námsleyfa sérmenntaðra starfsmanna Akureyrarbæjar

1. Bæjarstjórn Akureyrar vill með samþykkt þessari stuðla að því að efla menntun og þekkingu sérmenntaðra starfsmanna sinna í samræmi við 5. grein starfsmannastefnu sinnar. Sérmenntaðir starfsmenn hafa menntun frá háskóla eða sérskóla á háskólastigi sem veitir ákveðin starfsréttindi.
2. Árlega er greidd úr bæjarsjóði í námsstyrkjasjóð sérmenntaðra starfsmanna upphæð sem nemur tvennum árslaunum ásamt launatengdum gjöldum í launaflokki 44. skv. kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og 6 Huggarðsfélaga<sup>1</sup> frá 1. febrúar 2006.
3. Fræðslunefnd starfsmanna Akureyrarbæjar annast vörslu námsstyrkjasjóðs og úthlutar styrkjum úr sjóðnum. Við úthlutun styrks skal m.a. miðað við
  - þarfir bæjarfélagsins og starfsmanns fyrir þróun í starfi.
  - að þeir gangi fyrir sem geta ekki fengið styrki til náms úr öðrum starfsmenntunar- eða vísindasjóðum.
  - að þeir gangi fyrir sem stefna að a.m.k. þriggja mánaða samfelldu leyfi frá störfum hjá Akureyrarbæ. Ekki eru veittir styrkir til náms sem stundað er samhliða starfi.
  - að þeir gangi fyrir sem hafa ekki áður fengið styrk úr sjóðnum.
  - að þeir gangi fyrir sem hafa starfað lengst hjá Akureyrarbæ sem sérmenntaðir starfsmenn.
4. Við úthlutun styrkja skal við það miðað að starfsmaður geti fengið styrk til þriggja mánaða leyfis eftir þriggja ára starf. Réttur til styrks eykst um ein mánaðarlaun fyrir hvert ár umfram 3 ár til 9 ára starfsaldurs en hámarksstyrkur til eins árs leyfis fæst eftir 10 ár í starfi hjá bænum. Dreifa má leyfi yfir lengri tíma eða allt að 3 árum, t.d. ef stundað er nám í tórnum með vinnu á milli. Líða þurfa a.m.k. þrjú ár frá því að námsleyfi lýkur áður en starfsmaður getur fengið styrk að nýju.
5. Námsstyrkir eru miðaðir við mánaðarlaun í launaflokki viðkomandi starfsmanns án fastrar yfirvinnu og annarra aukagreiðslna. Styrkir eru greiddir sem laun og jafnframt eru greidd öll launatengd gjöld.
6. Styrkur til námsleyfis umfram 3 mánuði er bundinn skilyrði um áframhaldandi starf hjá bænum eftir að leyfi lýkur sem nemur þreföldum leyfistímanum.
7. Starfsmaður skal nýta a.m.k. 80% námstímans til skipulegs náms samkvæmt samkomulagi við yfirmann. Þess er ekki krafist að starfsmaður ljúki prófum en hann skal gera grein fyrir námi sínu með skýrslu til fræðslunefndar innan tveggja mánaða eftir að leyfi lýkur. Einnig er heimilt að óska eftir að starfsmaður kynni nám sitt á vettvangi sem fræðslunefnd eða yfirmaður ákveða.

---

<sup>1</sup> Huggarðsfélögin eru Félag íslenskra félagsvísindamanna, Félag íslenskra fræða, kjaradeild Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélag lögfræðinga og Útgarður félag háskólamanna.

8. Umsóknir um námsstyrki skulu sendar fræðslunefnd á sérstökum eyðublöðum og verða þær teknar til afgreiðslu tvisvar á ári, í apríl og október. Með umsókn um styrk til náms skal fylgja vottorð um samþykki yfirmanns.
9. Við upphaf náms skal styrkþegi leggja áætlun um námstilhögun fyrir yfirmann sinn og fræðslunefnd. Ef starfsmaður nýtir ekki leyfi sitt til náms sbr. 7. grein skal hann endurgreiða styrkinn í hlutfalli við þann tíma sem er ekki nýttur til náms.

Samþykkt í fræðslunefnd 28. september 2006.

Samþykkt í bæjarráði 1. febrúar 2007.